

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

Áfengisauglýsingar ber að leyfa með skýrum takmörkunum

Kynning fyrir allsherjar- og menntamálanefnd
6. nóvember 2012

134. mál

Alþingi
Eriandi nr. P 141/359
komudagur 6.11.2012

Efnistöð

1. Helstu sjónarmið FA um frumvarpið
2. Hvaða leið vill FA fara?

Helstu sjónarmið FA um frumvarpið (1)

1. Auglýsingar njóta verndar tjáningarfrelsisákvæðis Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu.
2. Takmarkanir á tjáningarfrelsi verða því að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði til að þær séu lögmætar. Þá verður að gæta meðalhófs við slíkar takmarkanir.
3. Ríkisvaldið hefur mun áhrifameiri úrræði en bann við auglýsingum til að draga úr skaðlegum afleiðingum áfengisneyslu.
4. Rannsóknir sýna að áfengisauglýsingar hafa áhrif á hvaða tegund neytendur velja. Þær auka ekki magnið sem þeir kaupa.

Helstu sjónarmið FA um frumvarpið (2)

5. Starfshópur á vegum fjármálaráðherra telur rétt að leyfa áfengisauglýsingar með miklum takmörkunum, líkt og flest Norðurlöndin gera, **enda telur hann bannið óraunhæft og erfitt í framkvæmd.**
6. Með auglýsingabanni innanlands – með erlendum undantekningum - fá erlendir framleiðendur áfengis frjálst spil á kostnað Íslendinga og íslenskra fyrirtækja. Um er að ræða æpandi mismunun og hætta á að nýsköpun, vöruþróun og uppbygging á landsbyggðinni skerðist verulega.
 - Innlendir bjór hefur upb. **75%** markaðshlutdeild í dag, velta iðnaðarins er um **2,6 ma.kr.** og framleiðslan skapar um **150 störf** (engin óbein störf talin)

Helstu sjónarmið FA um frumvarpið (3)

7. Noregur er eina þjóðin á Vesturlöndum sem bannar áfengisauglýsingar alfarið. Er ekki eðlilegt að skoða önnur fordæmi líka?
8. Í umsögn sérfræðinga fjármálaráðuneytis um frumvarpið er ekki rætt um minni tekjur af skattlagningu áfengis á opinberum markaði vegna auglýsingabanns. Virðast þeir því ekki trúaðir á að auglýsingabann nái þeim markmiðum sem lýst er í frumvarpinu, þ.e. að draga úr sölu.

Hvaða leið vill FA fara? (1)

1. Fremur en banna áfengisauðglýsingar er skynsamlegra að leyfa þær með afar ströngum skilyrðum, til samræmis við það sem þekktist víðast hvar erlendis.
2. Setja þarf strangar reglur um hvar og hvenær má auðlýsa áfengi. Horfa má m.a. til Svíþjóðar um vel heppnaða framkvæmd í þeim efnum.

www.alkoholgranskningsmannen.se

www.marketresponsibly.eu

Hvaða leið vill FA fara? (2)

3. Tillögur FA ganga út á takmarka áfengisauglýsingar þannig að þær
 - a) beinist ekki að ungu fólki undir áfengiskaupaaldri
 - b) Hvetji eingöngu til ábyrgar neyslu og geri neyslu á áfengi ekki eftirsóknarverða
 - c) Snúist um að koma almennum upplýsingum um vöruna á framfæri þannig að neytendur geti kynnt sér hana

4. Skv. tillögum FA mun félagið setja á laggirnar siðanefnd, skipaða óháðum aðilum. Nefndin mun hafa skýrar valdheimildir, m.a. sektir. Þessi skipan er í samræmi við sænsku leiðina og felur í raun í sér tvöfalt eftirlit, því opinbert eftirlit yrði eftir sem áður til staðar.

